



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HAFSBOTNSRANNSÓKNIR 1987

Yfirlitsskýrsla

Karl Gunnarsson

OS-88004/JHD-01 B Janúar 1988



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HAFSBOTNSRANNSÓKNIR 1987
Yfirlitsskýrsla
Karl Gunnarsson

OS-88005/JHD-01 B Janúar 1988

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. VERKEFNI ÁRSINS 1987	3
2.1 Rannsóknir á Jan Mayen-hrygg	3
2.2 Rannsóknir á Flateyjarsetlögum	6
2.3 Mælingar á Hatton-Rockall-grunni	7
3. ÁÆTLANIR FYRIR ÁRIÐ 1988	8
3.1 Nýjar mælingar á Jan Mayen-svæði	8
3.2 Jarðskorpugerð Jan Mayen-hryggjar	8
3.3 Tölvuvinnsla endurkastsmælinga af Hatton-Rockall	8
3.4 Gagnasafn fyrir hafsbotnsmælingar	8
4. SAMANTEKT OG UMRÆÐA	8

MYNDIR

Mynd 1 Mælilínur frá árinu 1985 á Jan Mayenhrygg	4
Mynd 2 Þversnið yfir Jan Mayenhrygg nærri 69. breiddargr.	5
Mynd 3 Mælilínur undan Norðurlandi frá 1985	7

1. INNGANGUR

Á vegum Iðnaðarráðuneytisins starfar ráðgjafanefnd að rannsókn á orkulindum og hagnýtum eftum á hafslotni við Ísland. Nefndin sem kallast Hafslotnsnefnd Iðnaðarráðuneytisins var skipuð 24. maí 1984, og síðast endurskipuð 6. nóvember 1986. Önnur nefnd starfaði og áður á svipuðum grundvelli. Í ráðgjafanefndinni eru dr. Guðmundur Pálsson, formaður, dr. Gunnar G. Schram prófessor, dr. Jón Eiríksson, Raunvísendastofnun, Gunnar Bergsteinsson, Landhelgisgæslunni, og dr. Kjartan Thors, Hafrannsóknastofnun.

Framkvæmd rannsóknarverkefna á vegum nefndarinnar hefur verið hjá Orkustofnun, en Raunvísendastofnun hefur einnig starfað að úrvinnslu á sumum sviðum. Helstu mælingaverk sem nefndin hefur staðið fyrir eru eftirfarandi:

- Rannsóknarborun í Flatey á Skjálfanda, 1982.
- Rannsókn Flateyjarsetlaga með endurkastsmælingum á sjó, 1985.
- Rannsókn Jan Mayenhryggjar í samvinnu við Norðmenn, 1985.

Verkefni ársins 1987 voru einkum á sviði úrvinnslu fyrri mælinga. Hér er gerð grein fyrir stöðu þeirra og helstu niðurstöðum. Þá er gerð grein fyrir áætlunum fyrir árið 1988, og reynt að meta framtíðarhorfur í þessum málaflokki.

2. VERKEFNI ÁRSINS 1987

2.1 Rannsóknir á Jan Mayen-hrygg

Úrvinnslu þeirra rannsókna sem kveðið var á um í samningi Íslendinga og Norðmanna um Jan Mayenhrygginn, þ.e. endurkastsmælingum á sjó, ásamt þyngdar-, segul-, og bylgubrotsmælingum, miðaði vel áfram á árinu. Pessar mælingar frá 1985 eru samtals um 4200 km af mælilínum, og þær eru hugsaðar sem yfirlitsmælingar til að gefa


heildarmynd af jarðfræði hryggjarins, og hvort nokkrar líkur kynnu vera á olíulindum. Lögð var áhersla á að ljúka tölvuvinnslu, og bjóða fullunnin gögnin til sölu. Einnig var lögð töluverð vinna í jarðfræðilega túlkun gagnanna. Norska fyrirtækið Geco tók að sér framkvæmd mælinga, og lauk tölvuvinnslu síðla sumars '87. Fulltrúar norsku Olíustofnunarinnar (Oljedirektoratet) og Orkustofnunar höfðu eftirlit með vinnslunni. Sameiginleg skýrsla um mælingarnar kemur út á fyrri hluta árs 1988.

Svo sem samningur landanna gerði ráð fyrir voru gögnin boðin olíufélögum og ráðgjafarfyrirtækjum til kaups, þeim sem hugsanlega gætu haft áhuga. Bréf þessa efnis gekk út í nóvember til um 50 aðila. Olíustofnunin norska mun sjá um þessa sölu, og er þar hafður sami háttur á og almennt við sölu mæligagna á norsku landgrunni. Fyrirtækjum er boðið að fá eintök af unnum mæligögnum til eigin nota, og hvorki fyrirtækin né opinberir aðilar mega birta frumgögn. Samkvæmt norskum reglum gilda þessi leyndarákvæði þar til svæðum hefur verið úthlutað til olíuleitar. Verðlagning er byggð á því að hver kaupandi borgi 15% af kostnaði við mælingar, en það er nú venjulegt verð norska ríkisins við sölu sambærilegra gagna. Tvenns konar pakkar eru til sölu (sjá mynd 1). Annar inniheldur 1802 km af mælingum á völdum mælilínum sem eru hæfilega jafndreifðar yfir svæðið. Hann er ætlaður þeim sem vilja fá grófa hugmynd um svæðið án þess að kosta of miklu til. Hinn pakkinn fyllir upp í myndina og inniheldur afganginn af mælingunum, 2837 km, en þar af eru 611 km af endurunnum mælingum Olíustofnunar frá 1979. Gögnin eru á formi endurkasts-sniða eða -línurita, og þyngdar- og segulmælingar á línuritum og kortum fylgja með. Verð á fyrri pakknum er um nok. 994.548, en nok. 1.451.015 fyrir þann seinni. Viðbrögð kaupanda hafa verið sein. Enn sem komið er hefur aðeins norska ríkisolíufélagið Statoil tekið við sér, og keypt minni pakkann. Ágóði af sölunni, fram yfir kostnað, skal skiptast milli landanna, en

óvist er hvort nokkur verði. Til þess þarf t.d. 7 kaupendur að öllum gögnunum, eða 17 að minni pakkanum. Þessi seinu viðbrögð benda til þess að svæðið sé ekki sem stendur talið koma til greina fyrir olíuvinnslu. Þó er vel mögulegt að gögnin seljist þegar tímar líða, aðstæður breytast og þekking á svæðinu eykst. Búst má við gögnin verði á sölulista í áratug eða lengur.

Auk umsjónar og leiðbeininga við tölvvinnsluna, hafa Olíustofnunin og Orkustofnun stundað jarðfræðitulkun gagnanna í ár, svo opinberir aðilar geti gert sér óháð álit á möguleikum svæðisins. Ráðgjöf og aðstoð við faglega vinnu hefur verið sótt til Osloárháskóla. Niðurstöður þessa verksmunu birtast í sameiginlegri skýrslu stofnananna, sem kemur út á fyrrí hluta árs 1988.

 JHD - JED - 9000 - KG
87 II - 1087 - Gyða




Mynd 1: Mælilínur frá árinu 1985 á Jan Mayenhrygg. Mælilínur merktar með breiðum línum eru í minni gagnapakka (yfirlitsgögn), en hinarr eru í pakkanum sem inniheldur afgang gagnanna.

Með henni er þessum verkáfanga lokið með afhendingu fullunninna gagna, ásamt fyrstu túlkun og mati á niðurstöðum. Þó má telja að að túlkun gagna sé fjærri því að vera lokið, og vinnuhópurinn telur æskilegt að áfram verði unnið að henni á einn eða annan hátt, og þegar eru áform uppi þar um (sjá áætlannir aftar).

Hér má greina frá helstu hugmyndum sem við höfum myndað okkur um jarðlagagerð svæðisins, einkum þeim sem varða hagnýtingu orkulinda. Í raun styrkja þessi nýju gögn þá grundvallarhugmynd sem menn höfðu fyrir, en ýmsir mikilvægir þættir hafa skýrst og nýir bæst við. Mynd 2 sýnir stílfært þversnið yfir hrygginn nærri 69. breiddargráðu, sem sýnir sumar helstu jarðlagaeiningar svæðisins. Nokkuð öruggt er að Jan Mayen-hryggurinn er meginlandsflís, sem var áður klemmd á milli Noregs og Grænlands og hluti af einu stóru meginlandi. Landrek sem hófst fyrir um 55 milljónum ára hefur skilið á milli. Í fyrstu var hryggurinn áfram áfastur Grænlandi meðan gliðnunarsprungan skildi Noreg og Grænland í sundur, en síðar þróaðist djúphafið þannig að gliðnunarsprungan hljóp inn á milli J.M.-hryggjar og Grænlands, og þar hefur gliðnunin verið síðan.

Á fyrsta skeiði landreksins, þegar tilvonandi Jan Mayenhryggur myndaði ytri hluta landgrunns á Austur-Grænlandi á móts við þar sem nú er Scoresbysund, barst set af landinu og hlóðst þar upp. Þessum framburði linnti þegar ný gliðnunarsprunga myndaðist milli Jan Mayen flíasarinnar og Grænlands. Síðar mótuðust þessi setlög af rofi og tilfærslu efnis, ásamt höggun jarðлага, en yngstu setlögin hafa svo sest til í rólegu útsjávarumhverfi. Þessi stafli setлага, sem við kennum við tertíftíma, sést mjög skýrt í endurkastsmaelingunum. Ýkkjt þeirra er nú sums staðar aðeins nokkur hundruð metra uppi á hryggnum, en þau ná allt að 3 km þykkt í austurhlíðunum. Þessi setlög eru ekki talin líkleg til að mynda olíu. Þau gætu þó e.t.v. geymt olíu sem bærist inn í þau, en erfitt er nú að benda á líklegustu staðina.

JHD-JED-9000 KG
87-12-1145 Syj



Mynd 2: Þversnið yfir Jan Mayenhrygg nærri 69. breiddargráðu, byggt á túlkun endurkastsmælinga. Undir setlögum frá tertíer er hraunlagahella, en undir henni má greina þykk setlög, að öllum líkendum frá miðlifs- og formlífsöld. Háhryggurinn er brotinn upp af misgengjum, svo og vesturhlíðarnar. Austurhlíðar eru lítt misgengnar, en hafa snarast niður til austurs (hægri á myndinni).

Þegar gliðnunarsprungan braust fyrst upp í milli meginlandanna runnu mikil hraun í eldgosum og breiddu víða úr sér, því landið var að mestu ofan sjávarborðs og myndaði sléttu. Leifar af hraunlögum þessum finnast nú m.a. á Austur-Grænlandi og undir landgrunni þess. Austan hafssins eru mikil hraunasvæði í Færeyjum og á ýmsum grunnum þar sunnar, en einnig norðaustan eyjanna undir utanverðu landgrunni Noregs. Pessa hraunhellu teljum við að sjá megi líka á Jan Mayenhrygg, þar sem hún myndar botninn undir tertíersetlögunum. Þykkt hennar virðist víða vera 500-700 m, en það er atriði sem er háð túlkun og verður að staðfesta með borunum. Einnig virðist mikil innskotavirkni hafa fylgt þessari gosvirkni, sem þekkist líka á Grænlandi. Hraunlögin, ásamt hluta setlaganna sem ofan á hvíla, eru mjög brotin og snöruð af yngri brotahreyfingum.

Hraunhellan hefur löngum reynst næsta ógegnsæ í eldri mælingum á Jan Mayenhrygg, og jarðlagaskipan þar undir verið mjög óljós. Þessar nýju mælingar okkar bæta þar mikið um, þó ekki séu öll vandamál leyst. Það er nú ljóst að jarðlagagerð þar undir er fjölbreytileg. Þar koma fyrir setlagatrog sem afmarkast af misgengjum, en á milli liggja rishryggir þar sem líklega eru aðeins þunn setlög eða engin ofan á forngrýti. Leita má hliðstæðu þessara dýpri setлага í jarðögum sem þekkt eru á landi miðsvæðis í Austur-Grænlandi. Þar í rústum hinna fornu fellingsfalla (Kaledóníufellingin) hafa misgengjahreyfingar myndað trog sem safnað hafa töluverðri þykkt setлага á forn- og miðlífssöld, og er þar mest setlagatrogið á Jamsonslandi norðan Scoresbysunds. Þessi setlög eru talin nokkuð líkleg olíusetlög, enda mynduð í innhafi sem þakti á sínum tíma

víðlent meginlandssvæði sem deilist nú á milli Austur-Grænlands og landgrunns Noregs, og myndar kjarna Jan Mayen-hryggjar.

Á Jamesonlandi hefur staðið yfir olíuleit, en sem stendur er sú starfsemi í lægð. Eflaust valda markaðsaðstæður því, auk þess að víst má telja að olíulindir hafa ekki fundist enn sem komið er. Fátt hefur annars heyrst um niðurstöður leitarinnar, en vitað er að olíu-efni í vissum setlögum þar eru lítið þroskuð vegna þess að þau hafa ekki grafist djúpt, og hiti verið því ónægur. Þetta er einkum óheppilegt hvað varðar annars mjög efnileg jarðög frá júratíma, en hliðstæða þeirra í Norðursjó er hin besta uppsprettu olíu þar. Ef sams konar olíumyndandi jarðög væru á Jan Mayenhrygg, þar sem síðari upphleðsla hefur verið meiri, mætti búast við betri aðstæðum til þroskunar og samsöfnunar olíu.

2.2 Rannsóknir á Flateyjarsetlögum

Tölvuvinnsla á endurkastsmælingunum frá 1985 var á hendi fyrirtækisins Geco, eins og Jan Mayen-mælingarnar, og hliðsjón var höfð af þeim. Orkustofnun hafði eftirlit með vinnslunni. Vinnslu var lokið á árinu, bæði á endurkastsmælingunum og öðrum mælingum, sem eru dýptar-, segul- og þyngdarmælingar. Í væntanlegri loka-skýrslu Orkustofnunar verður fjallað um framkvæmd verksins, greint frá niðurstöðum túlkana, og hvaða vísbendingar má draga af þeim um líkur á olíu fyrir Norðurlandi. A Raunvísindastofnun Háskóla Íslands var nokkuð hugað að olíueiginleikum setlaga frá Tjörnesi, en niðurstöður þeirra athugana eru enn sem komið er neikvæðar. Þá var unnið að lokaáfanga við rannsóknir á borkjarna úr Flateyjarborun 1882, og niðurstöður birtar í skýrslunni:

Jón Eiríksson, Andrés I. Guðmundsson og Leifur A. Símonarson, 1987.
Setmyndum í Tjörnesbrotabeltinu
í ljósi kjarnaborunar í Flatey á Skjálfanda. Raunvísindastofnun
Háskólans, RH-07-87.


Í fáum orðum má draga saman jarðfræði-

niðurstöður rannsóknanna þannig. Tvö stór brotakerfi virðast stjórna setupphleðslu á svæðinu (sjá mynd 3). Annað þeirra er Flateyjarmisgengið sem liggur í VNV-læga stefnu frá Húsavík milli Flateyjar og lands og vestur fyrir Eyjafjörð. Setlögin liggja norðan þess. Misgengi þetta hefur verið talið vera sniðgengi, þannig að jarðskorpan norðan þess hafi hliðrast verulega til austurs. Niðurstöður mælinganna stangast ekki á við þessa hugmynd, en áhrif slíkra hreyfinga eru jafnan óljós í endurkasts-mælingum. Töluverð lóðrétt hreyfing hefur einnig orðið um misgengið þar sem setlögin hafa fergt norðurbarminn niður, og nokkur gliðnunarþáttur er ekki útilokaður.

Hitt brotakerfið virðist hafa SV-læga stefnu og liggur um Eyjafjáðarál og inn á Fljóttagrunn. Það myndar sigdal, og einkennist af sigi og gliðnun um fjölda normalmisgengja, sem hallar inn að miðju dalsins. Misgengin eru af svokallaðri listrískri gerð, sem er þannig að halli þeirra minnkars með dýpi, og þau leggjast jafnvel flöt. Gert er ráð fyrir að misgengi þessi takmarkist að mestu til suðurs af Flateyjarmisgenginu, en sá möguleiki er fyrir hendi að sum tengist misgengjakerfi því sem teygist suður um Fljót og Skagafjörð. Brotakerfið eru mjög virkt, einkum í Eyjafjáðarál þar sem sjá má um 10 m háa misgengisstalla í sjávarbotni. Botninn þar er gerður úr ungum setlögum. Þá má og sjá að misgengin hafa verið virk allt frá byrjun setlagamundunar.

Mynd 3 sýnir setlagabykkt sem endurkasts-tíma í sekúndum. Setlög eru þykkust í sigdalnum syðst í Eyjafjáðarál og ná nærrí 4 km þykkt. Lagskipan er þar nokkuð regluleg og rekja má suma endurkastsfleti nokkra vegalengd. Þó valda hinar mörgu tengingar yfir brot og misgengi erfiðleikum og óvissu. Setþykkt undir Flatey og þar á Grímseyjar-sundi er minni, mest rúmir 2 km, og jarðlagahöggun er þar af öðru tagi en vestur í sigdalnum. Ætla má að hreyfingar um Flateyjarmisgengið hafi einkum falist í lárétri hliðrun um bratta brotfleti, ásamt nokkurri afmyndun setlaga á belti.

JHD-JED 9000-KG
87.12.1154-EK



Mynd 3: Mælilínur undan Norðurlandi frá árinu 1985. Dýpi niður á berggrunn undir setlöggum er sýnt sem tvöfaldur endurkaststími (margfalda má með 1,0 til 1,5 til að fá hugmynd um dýpið í kílómetrum). Lega Flateyjarmisgengis er sýnd, en það myndar suðurjaðar setlagadældarinnar, og einnig einfölduð mynd gliðnunarbrota í Eyjafjarðarál og vestar.

Þar er líka erifðara að henda reiður á jarðlagaskipan, og virðast setlögin vera mjög breytileg að gerð og þunnlagskipt. Þetta mætti túlka þannig að grunnið hafi löngum staðið hærra og tekið síður við setlöggum. Setlagabunkinn þynnist mjög austur yfir Skjálfandaflóa. Norðurmörk setlagasvæðis eru ókunn. Setlögin þynnast nokkuð norður yfir mælingasvæðið, en með sama halla gætu þau t.d. náð inn undir Grímsey. Líklega koma hraunlög og gosefni fyrir í jarðlagastaflanum í mismiklum mæli, og hugsanlega eykst hluti þeirra er norðar dregur.

Líkur á olíu geta engan veginn talist vera miklar. Þessar mælingar ásamt niðurstöðum annarra athugana á setlöggum undir Flatey og á Tjörnesi, sýna að mikill hluti setlaganna sé mjög ungr og myndaður á ísöld. Líkindi eru til þess að neðstu setlögin séu mynduð fyrir aðeins fáeinum milljónum ára, og varla meira en einum tug milljóna. Þessi aldur er í knappasta lagi til olíubroskunar. Þá hefur olíumyndandi leirsteinn

ekki fundist hér á landi, og því mjög óvist hvort hann sé til staðar. Magn þykkra setлага á svæðinu er heldur lítið til að búast megi við miklum olíulindum. Hvergi er vitað um að olía eða olfugas seytli upp á svæðinu. Setlögin eru yfirleitt ekki heppileg fyrir geymslu olíu, en þar eru þó undantekningar á. Öll þau virku brot sem einkenna svæðið eru að öllum líkindum lek, og mikil hætta er á því að olía sem kynni að hafa myndast í setlögunum hafi sloppið þannig út.

2.3 Mælingar á Hatton-Rockall-grunni

Mælingar á Hatton-Rockall svæði fóru fram í október og nóvember 1987, og voru gerðar í samvinnu við Dani og Færeyinga. Orkustofnunarmenn hafa átt þátt í undirbúningsvinnu fyrir hönd Utanríkisráðuneytisins, og stofnunin hefur nú með hendi tölvuúrvinnslu á þessum mælingum. Það verk er söluverk, um 200.000 bandaríkjadal virði, og er frumraun Orkustofnunar á þessu sviði úr-

vinnslu. Allur kostnaður af mælingunum skiptist jafnt milli ríkjanna tveggja. Enda þótt verkefni þetta sé ekki á vegum Hafsbotsnefndarinnar má segja að starfsviðið sé það sama, og reynsla sú og tæknibúnaður sem hlýst af því mun styrkja aðstöðu okkar til frekari rannsókna og tæknivinnu.

3. ÁÆTLANIR FYRIR ÁRIÐ 1988

Í byrjun árs verða lokaskýrslur um mælingar á Jan Mayenhrygg og við Flatey á Skjálfanda gefnar út, sú fyr nefnda í samvinnu við norsku Olíustofnunina. Þá heldur Orkustofnun áfram rannsókn Jan Mayen-svæðis í samvinnu við norsku Olíustofnunina. Hér er um að ræða nýja mælingasiglingu, og sérstakt úrvinnsluverkefni. Olíustofnunin ber megin hluta kostnaðar af þessum verkefnum. Nánari útlistanir fylgja hér á eftir.

3.1 Nýjar mælingar á Jan Mayen-svæði

Samkomulag hefur náðst milli Orkustofnunar og norsku Olíustofnunarinnar um samvinnu um frekari endurkasts-mælingar á Jan Mayenhrygg, haustið 1988. Ætlunin er að mæla einkum á svæðinu suður undir landgrunnskanti Íslands, sunnan við mælingasvæðið sem tekið var fyrir í sameiginlegum mælingum okkar 1985. Vonast er til að hægt verði að fylgja áhuga-verðum jarðmyndunum til suðurs, og varpa ljósi á það hvort þær gætu legið inn undir landgrunnið norðaustan landsins. Bergen-háskóli hefur veitt okkur afnot af mælinga-skipini Håkon Mosby haustið 1988 fyrir tiltölulega væga leigu. Þessar mælingar munu engan veginn jafnast á við mælingarnar frá árinu 1985 að magni, en gæði þeirra ættu að slaga upp í þær fyrri. Gert er ráð fyrir því að um 1000 km mæli-línur náist við mælingar í víku. Olíustofnunin ætlar að leggja til megnið af kostnaði við siglinguna, en auk umsjónar með mælingum mun Orkustofnun taka að sér tölvuvírvinnslu og túlkun. Sá kostnaður mun einkum koma til árið 1989.

3.2 Jarðskorpugerð Jan Mayen-hryggjar

Í þessu verkefni felst ákveðin úrvinnsla og túlkun jarðeðlislegra mælinga af Jan Mayen-hrygg, einkum bylgjubrots-, þyngdar- og segulmælinga frá siglingum 1985 og 1979. Markmið þessa er að draga fram upplýsingar sem fást ekki úr endur-kasts-mælingunum einum, og munu þær varpa nýju ljósi á gerð djúpra jarðlaga sem eru athyglisverð frá olíuleitarsjónarmiði. Þetta verkefni er skilgreint sem sérstakt verkefni, þar sem það verður unnið í sam-vinnu Orkustofnunar og norsku Olíu-stofnunarinnar, sem hefur gefið vilyrði fyrir að kosta til þess sérfræðing í hálfum ár. Verkið verður þó að öllu leyti unnið á Orkustofnun, og til þess verður ráðinn sér-fræðingur á því sviði tímabundið.

3.3 Tölvuvírvinnslu endurkasts-mælinga af Hatton-Rockall

Aframhald verður á tölvuvírvinnslu mælinga frá Hatton-Rockall-svæði og mun hún eflaust endast fram undir lok árs. Að henni lokinni verður vinnslubúnaðurinn og starfs-lið til reiðu fyrir úrvinnslu nýrra gagna af Jan Mayen-svæði.

3.4 Gagnasafn fyrir hafsbotsmælingar

Gagnasafn fyrir hafsbotsmælingar er enn á dagskrá. Komið að því að huga verður að fyrirkomulagi við geymslu frumgagna úr endurkasts-mælingum, sem eru á fjölda segulbandsspóla. Þessi gögn eru erfið í geymslu vegna fyrirferðar, og þau þarf að geyma við sérstakrar aðstæður.

4. SAMANTEKT OG UMRÆDA

Niðurstöður rannsókna á Jan Mayenhrygg eru heldur jákvæðar hvað varðar olíulíkur. Nú hefur verið sýnt fram að þar eru forn setlög, sambærileg við olíuvænlegar jarð-myndanir Grænlands og Noregs. Að líkendum er olíuvon á Jan Mayenhrygg næg til þess að búast megi við áframhaldandi rannsóknum og olíuleit. Slíkur áfangi myndi að líkendum byrja með meiri endurkasts-mælingum, og enda með rannsóknar-

borunum. Það er þó með öllu óvist hvenær aðstæður hvetja til slíkra framkvæmda, og til þess þarf vissa efnahagslega og tæknilega þróun. Eðlilegt er að norsk og íslensk yfirvöld mjaki þessu máli nokkuð áfram, og kynni möguleika svæðisins með því að styðja að frekari úrvinnslu gagna af svæðinu, og hæfilegum mælingaverkefnum þar sem gögn skortir. Þá væri afar mikilvægt að stuðla að borun á svæðinu, hvort sem það yrði í vísindalegum eða hagnýtum tilgangi. Rétt væri líka að sjórnvöld gerðu sér grein fyrir hvernig haga eigi leyfisveitingum til rannsókna og vinnslu, og hvernig samræma má íslensk viðhorf reglum norðmanna á hinu sameiginlega nýtingarsvæði á Jan Mayenhrygg.

Rannsóknir fyrir Norðurlandi hafa gefið góða hugmynd um skipan og gerð jarðlaga í Flateyjarsetlögum. Jarðfræðileg rök benda til þess að þar sé lítil von olíulinda, enda þótt ekki sé sannað að engar séu. Enda þótt mörgum spurningum um gerð svæðisins sé ósvarað og mörg áhugaverð rannsóknarverkefni blasi við, hljótum við að vera hikandi við að hvetja til eiginlegrar olíuleitar á grundvelli ofangreindra athugana. Olíuleit sem gæti leitt til ákveðinnar niðurstöðu hlyti að felast í borunum á sjó, helst að undanengnum meiri endurkastsmælingum, og væri býsna dýr framkvæmd.

Á grundvelli þróunarinnar á undanförnum árum má ætla að rannsóknir á auðlindum hafssbotnsins umhverfis Ísland haldi áfram á næstu árum, og þá jafnvel án þess að nefnd Iðnaðarráðuneytis standi fyrir verulega stórum og kostnaðarsönum rannsóknarverkefnum. Hugsanleg verkefni gætu fallið undir eftirfarandi fyrirsagnir:

- Umsjón með, og þáttaka í könnunar-rannsóknum og olíuleit á Jan Mayen svæði.
- Þáttaka í ýmsum tilfallandi rannsóknum á landgrunni Íslands.
- Framkvæmd rannsókna sem tengjast hafréttarmálum.

• Söluverk á sviði úrvinnslu hafssbotns-rannsókna.

Sem áður segir er jarðlagagerð Jan Mayenhryggjar að öllum líkindum svo forvitnisleg fyrir olíuleitendur, að búast má við auknum rannsóknum á svæðinu. Sem stendur er óvist hvenær að því gæti komið, og það fer eflaust nokkuð eftir því hvort vinnslutækni og markaðsaðstæður gefa til kynna að olíuvinnsla verði möguleg. Tækníþróunin bendir þó til að þetta gæti gerst í fyrirsjáanlegri framtíð, og menn búast almennt við aukinni olíuvinnslu á dýpri hafsvæðum um allan heim. Nauðsyn er á, þegar rannsóknir aukast, að hér sé fyrir hendi sterkur faglegur grundvöllur til að fylgjast grannt með rannsóknum og taka þátt í úrvinnslu og túlkun. Hugsanlega lægju þar einnig möguleikar til að afla söluverka. Þá verður að gæta þess að beina rannsóknum á inn þær brautir sem okkur er að skapi, t.d. að þau svæði sem eru einkum áhugaverð fyrir Íslendinga verði ekki útundan, og að hugað verði að mengunarhættu.

Í bígerð eru ýmis akademísk rannsóknarverkefni innan íslenskrar lögsögu á vegum erlendra og innlendra rannsóknastofnana, og eflaust má búast við fleirum slíkum í framtíðinni. Þegar þessar rannsóknir eru af því taginu að þær hafa gildi fyrir auðlindakönnun er rétt að styrkja þær og leita eftir þátttöku. Framlag í formi úrvinnslu og túlkunar tryggir að frumgögn, niðurstöður og fagþecking verði eftir í landinu. Fyrirhugaðar mælingar árið 1988 á suðurhluta Jan Mayenhryggjar í samvinnu við Norðmenn eru af þessu tagi.

Ýmsar hafssbotnsrannsóknir á borð við þær sem nú standa yfir á Hatton-Rockall-svæði á vegum Utanríkisráðuneytisins, eru í eðli sínu eins og ýmsar þær rannsóknir sem nefnd Iðnaðarráðuneytis hefur staðið fyrir, og sama aðstaða nýtist til þeirra. Ekki er ólíklegt að svipaðra rannsókna komi aftur í náinni framtíð, e.t.v. á formi fjölpjóðasamstarfs.

Par sem nú er verið að koma upp aðstöðu til tölvuvinnslu endurkastsmælinga á Orku-

stofnun, og fyrir hendi er alþjóðlegur verk-takamarkaður á þessu sviði innan olíu-iðnaðarins, er ekki óeðlilegt að stofnunin líti til þess möguleika að taka að sér þess konar söluverk. Þá er einkum litið til þeirra verkefna sem eru á vegum Íslendinga eða innan lögsögu þeirra, en einnig má kanna alþjóðlegan markað.

Segja má að nú standi yfir svæða- eða yfirlitskönnun á mögulegum orkulindum og öðrum auðlindum á landgrunni Íslands. Þá eru alþjóðleg hafréttarmál í deiglunni, og þjóðir vinna að því að styrkja stöðu sína, meðal annars með rannsóknum. Það hlýtur því að teljast eðlilegt að töluberð starfsemi verði á sviði hafsbotsrannsókna á næstunni, meðan á þessi mál skyrast. Þá er ekki úr veki að hugsa til þess nú hvernig standa megi að þessum rannsóknum ef þær stóraukast við fund nýrra auðlinda, og gagn-stætt, ef allar slíkar vonir reynast tál eitt.